

13

29. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 600 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án fornlægs lánssamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

## 2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára og annan varaformann.

Þá skal og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 39 1954, um breyt. á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, og lög nr. 35 1957, um breyt. á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*